


ÍSAFJÖRÐUR

**KYNFERÐISLEG OG KYNBUNDIN
ÁREITNI Á VINNUSTAÐ**

Samanburður 2010, 2011, 2013 og 2015

Hjördís Sigursteinsdóttir

September 2020



EFNISYFIRLIT

MYNDASKRÁ.....	3
INNGANGUR	4
KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	5
KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ	7
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU	9
VITNI AÐ KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG/EÐA KYNBUNDINNI ÁREITNI Á VINNUSTAÐ	11
GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ	13
SAMANTEKT	15

MYNDASKRÁ

Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? 5	5
Mynd 2. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2015..... 6	6
Mynd 3. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. .. 7	7
Mynd 4. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2015. 8	8
Mynd 5. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitinu á vinnustaðnum?..... 9	9
Mynd 6. Hver var gerandinn í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum? 10	10
Mynd 7. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? 11	11
Mynd 8. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum? 12	12
Mynd 9. Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitinu sem þú varst vitni að? 13	13
Mynd 10. Hverjir hafa verið gerendur í kynbundna áreitinu sem þú varst vitni að? 14	14

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Skýrslunni er skipt upp í sex hluta; (1) Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað, (2) Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað, (3) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu, (4) Vitni að kynferðislegri áreitni og kynbundinni áreitni, (5) Gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu á vinnustað sem starfsfólk varð vitni að og (6) Samantekt.


Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 var kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni mæld með tveimur spurningum: (1) „Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“ og (2) „Hefur þú orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: Nei, já einu sinni og já oft en einu sinni. Útskýrt var á undan spurningunum að kynferðisleg áreitni fæli í sér kynferðislegar athafnir, hegðun eða athugasemdir sem beinast að einstaklingi og eru gegn hans samþykki eða vilja. Kynbundin áreitni er særandi eða niðurlægjandi framkoma í garð kvenna og karla vegna kyns þeirra, t.d. konur eru..., karlar eru..., án þess þó að vera kynferðisleg.

Í öllum fyrirlögnum spurningalistans var spurt á eftirfarandi hátt út í gerendur: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

Í fyrirlögninni 2015 var jafnframt spurt hvort viðkomandi hafi orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Svarmöguleikar voru: (1) „Nei“, (2) „Já“. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni og eða kynbundinni áreitni á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleikar voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.

KYNFERÐISLEG ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögninni 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.



Mynd 1. Hefur þú orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,8-1,4%. Hlutfallið hjá þeim sem hafa orðið einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum mældist 1% í fyrirlögninni 2010 en ekkert í hinum fyrirlögnunum.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,0-1,3% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,7-0,9%.




Mynd 2. Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað 2010-2015

Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum mældist á bilinu 0,0-2,0%, hæst í fyrirlögninni 2010. Hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni mældist hærra en hjá starfsfólki allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2010 en lægra í hinum fyrirlögnunum.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynferðisleg áreitni mældist á bilinu 1,9-2,1%, hæst í fyrirlögninni 2019 og lægst í fyrirlögninni 2010.

KYNBUNDIN ÁREITNI Á NÚVERANDI VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Í fyrirlögnunum 2010, 2011, 2013 og 2015 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, einu sinni og (3) Oftar en einu sinni. Í fyrirlögninni 2019 voru svarmöguleikar: (1) Nei, (2) Já, en málið var ekki tilkynnt, (3) Já, málið var tilkynnt og er í vinnslu, (4) Já, málið var tilkynnt og unnið úr því, (5) Já, málið var tilkynnt en ekkert gert.



Mynd 3. Já, ég hef orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Sjá má að í langflestum tilvikum hefur viðkomandi ekki orðið fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 0,0-1,5%. Hlutfallið hjá þeim sem hafa orðið einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum mældist á bilinu 0,0-1,4%.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að hlutfall þeirra sem hefur orðið oftar en einu sinni fyrir kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-2,2% og hlutfall þeirra sem hefur einu sinni orðið fyrir kynferðislegri áreitni á núverandi vinnustað mældist á bilinu 1,1-1,4%.




Mynd 4. Kynbundin áreitni á núverandi vinnustað 2010-2015.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 0,6-2,8%, hæst í fyrirlögninni 2011. Kynbundin áreitni mældist lægra í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Horft til allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að kynbundin áreitni mældist á bilinu 2,3-3,3%, hæst í fyrirlögninni 2013 og lægst í fyrirlögninni 2019.

GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU


Í þessum hluta er niðurstaða fjallað um gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu á vinnustað. Spurt var: „Ef þú svaraðir já við að hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni, hver var gerandinn?“. Það mátti merkja við fleiri en einn aðila. Svarmöguleikar voru: (1) stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 5. Hver var gerandinn í kynferðislega áreitninu á vinnustaðnum?

Niðurstöðurnar sýna að vinnufélagi og stjórnendur hafi verið gerendur í kynferðislega áreitninu á vinnustaðnum á síðastliðnum tveimur árum.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynferðislega áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans nema í fyrirlögninni 2015.




Mynd 6. Hver var gerandinn í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum?

Niðurstöðurnar sýna að algengast var að nefna aðra en stjórnanda, vinnufélaga eða þjónustuþega/íbúa/aðstandanda sem gerendur í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandinn í kynbundna áreitninu í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

VITNI AÐ KYNFERÐISLEGRI ÁREITNI OG/EÐA KYNBUNDINNI ÁREITNI Á VINNUSTAÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um hvort viðkomandi hafi orðið vitni að kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögninni 2015. Spurt var: „Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?“. Svarmöguleikar voru: (1) Nei, (2) Já, á mínum vinnustað, (3) já, á öðrum vinnustað hjá sveitarfélaginu.



Mynd 7. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Niðurstöðurnar sýna að enginn starfsmaður hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið kynferðislegri áreitni vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að 2,9% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.




Mynd 8. Hefur þú orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum?

Niðurstöðurnar sýna að 1,2% starfsfólksins hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að um 3% starfsfólksins hefur orðið vitni að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir einelti á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum.

GERENDUR Í KYNFERÐISLEGA ÁREITNINU OG/EÐA KYNBUNDNA ÁREITNINU Á VINNUSTAÐ SEM VIÐKOMANDI VARÐ VITNI AÐ


Í þessum hluta er niðurstaða fyrir spurninguna um gerendur í kynferðislega áreitninu og kynbundna áreitninu á vinnustaðnum sem viðkomandi varð vitni að á síðastliðnum tveimur árum sem spurt var um í fyrirlögnunum 2015 og 2019. Þeir sem merktu við já að hafa orðið vitni að kynferðislegri áreitni og eða kynbundinni áreitni á vinnustað hjá starfsmanni sveitarfélagsins fengu spurninguna: „Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitninu og/eða kynbundna áreitninu sem þú hefur orðið vitni að?“. Svarmöguleikar voru: (1) Stjórnandi vinnustaðar, (2) vinnufélagi, (3) þjónustuþegi-/íbúi/aðstandandi, (4) annar.



Mynd 9. Hverjir hafa verið gerendur í kynferðislega áreitninu sem þú varst vitni að?

Þar sem enginn hafði orðið vitni að kynferðislegu áreiti á vinnustaðnum voru engir sem svöruðu spurningunni um gerendur.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast var þjónustuþegi/íbúi/aðstandandi hafi verið gerandi í kynferðislega áreitninu sem starfsfólk varð vitni að.



Mynd 10. Hverjir hafa verið gerendur í kynbundna áreitni sem þú varst vitni að?

Sjá má að stjórnendur og vinnufélagar voru nefndir sem gerendur í kynbundna áreitni sem starfsfólk varð vitni að.

Horft til starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni má sjá að algengast var að vinnufélagi hafi verið gerandi í kynbundna áreitni sem starfsfólk varð vitni að.

SAMANTEKT

Í þessari skýrslu er kynferðisleg áreitni og kynbundin áreitni á vinnustað skoðuð fyrir árin 2010, 2011, 2013 og 2015. Breytingar milli ára eru metnar og niðurstöður bornar saman við heildarniðurstöðu 19 annarra sveitarfélaga árin 2010, 2011 og 2013 og 16 annara sveitarfélaga árið 2015. Fjallað er um kynferðislega áreitni á núverandi vinnustað, kynbundna áreitni á vinnustað, gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu og hvort starfsfólk hafi orðið vitni að kynferðislegri áreitni og/eða kynbundinni áreitni á vinnustaðnum og þá gerendur í kynferðislega áreitinu og kynbundna áreitinu.

Kynferðisleg áreitni á núverandi vinnustað á síðastliðnum tveimur árum mældist á bilinu 0,0-2,0%, hæst í fyrirlögninni 2010. Hlutfall þeirra sem hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni mældist hærra en hjá starfsfólki allra sveitarfélaga í rannsókninni í fyrirlögninni 2010 en lægra í hinum fyrirlögnunum.

Niðurstöðurnar sýna að kynbundin áreitni mældist á bilinu 0,6-2,8%, hæst í fyrirlögninni 2011. Kynbundin áreitni mældist lægra í lok rannsóknartímans en í upphafi hans. Kynbundin áreitni mældist lægri meðal starfsfólksins en starfsfólks allra sveitarfélaganna í rannsókninni í öllum fyrirlögnum spurningalistans.

Niðurstöðurnar sýna að vinnufélagi og stjórnendur hafi verið gerendur í kynferðislega áreitninu á vinnustaðnum á síðastliðnum tveimur árum. Niðurstöðurnar sýna að algengast var að nefna aðra en stjórnanda, vinnufélaga eða þjónustuþega/íbúa/aðstandanda sem gerendur í kynbundna áreitinu á vinnustaðnum.

Niðurstöðurnar sýna að enginn starfsmaður hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið kynferðislegri áreitni vinnustað á síðastliðnum tveimur árum. Niðurstöðurnar sýna að 1,2% starfsfólksins hafði orðið vitni að því að starfsmaður sveitarfélagsins hafi orðið fyrir kynbundinni áreitni á vinnustað á síðastliðnum tveimur árum í fyrirlögninni 2015. Einnig má sjá að hlutfallið var lægra en meðal starfsfólks allra sveitarfélaga í rannsókninni.

Þar sem enginn hafði orðið vitni að kynferðislegu áreiti á vinnustaðnum voru engir sem svöruðu spurningunni um gerendur. Sjá má að stjórnendur og vinnufélagar voru nefndir sem gerendur í kynbundna áreitninu sem starfsfólk varð vitni að.

